

Greinargerð Leikskólans Drafnarborgar fyrir Grænfána umsókn.

Leikskólinn Drafnarborg er tveggja deilda leikskóli með 36 börnum á aldrinum 2-6 ára. Leikskólinn var byggður 1950 og varð því 60 ára á síðasta ári. Undanfarin ár hefur stefna og starf leikskólans verið í anda umhverfisverndar. Starfsmenn hafa verið að þróa útidaga og útistarf með börnunum undanfarin ár. Umhverfisfræðsla og virðing fyrir náttúrunni er eitt af markmiðum þessara daga og tengist því þetta starf mjög vel markmiðum Grænfánans. Vinnubrögð og hugsunarháttur starfsmanna hefur styrkt þetta ferli og áhugi á því að stíga skrefið til fulls og sækja um Grænfána kom upp síðasta vetur Einnig er mikilvægt að taka fram að við matarinnkaup á leikskólann er reynt að hafa matinn sem hollastan. Allt brauð er heimabakað. Sykur og unnar vörur er notaðar í algjöru lámarki. Hollusta og hreinleiki vörunnar er hafður í fyrirrúmi.

Á starfsdegi vorið 2010 farið yfir gátlista um hvernig við stöndum okkur í umhverfismálum sem er að finna á heimasíðu Grænfánans. Við komum nokkuð vel út en ýmis atriði þurftum við að taka til endurskoðunar og að skerpa á ýmsum hlutum. Það var mjög lærdómsríkt að fara yfir þennan lista, og við sáum fram á það yrði skemmtileg áskorun að fara í þetta verkefni.

Á starfsdegi haustið 2010 fengum við Orra Pál Jóhannsson verkefnastjóra til þess að koma með fræðslu og innblástur fyrir verkefnið. Samhliða því ákváðum við að styrkja útstarfið með börnum en það hefur verið í þróun undanfarið ár hjá okkur. Þetta starf tengist beint náttúru- og umhverfisfræðslu og fengum við Helenu Óladóttir hjá Náttúruskólanum með fræðslu og verkefna vinnu fyrir starfsmannhópinn. Þetta var gott upphaf á spennandi vetri og allir tilbúnir í starf vetrarins. Það var gerð áætlun til þess að uppfylla skilyrði Grænfánans og gera vel úr garði skipulag fyrir veturinn.

1. Umhverfisnefndin

Ákveðið var að hafa fulltrúa í úr öllum hópum leikskólans þ.e. börn, starfsfólk og foreldra í umhverfisnefnd leikskólans. Elstu börn leikskólans eru 9 og voru þau öll fengin til þess að vera í nefndinni. Það var mat starfsmanna að elstu börnin yrðu góðir fulltrúar barnahópsins hverju sinni. Að þau væru vel inni í málunum og fengju tækifæri til þess að koma með tillögur að verkefnum og áherslum hverju sinni, hefðu tækifæri til þess að vera með í sífelldu endurmati. Tveir foreldrar eru í nefndinni, og fulltrúar sem gáfu sig fram á foreldrafundi í haust. Þetta eru áhugasamir fulltrúar og vilja leggja sitt að mörkum í nefndinni. Fulltrúar starfsmanna voru verkefnastjóri, deildar- og hópstjóri elstu barna og leikskólastjóri. Nú hefur verkefnastjóri látið af störfum á leikskólanum og leikskólastjóri hefur tekið við sem verkefnastjóri.

Nefndin hefur haldið tvo fundi í haust og næsti fundur verður 18.febrúar næstkomandi. Fundirnir voru haldnir kl. 9.00 að morgni og fundarmenn sátu í hring á gólfinu. Farið var yfir stöðu Drafnarborgar, hvað verkefnið fæli í sér og hvaða áherslur við vildum hafa.

Upp komu ýmsar tillögur og meðal annars var ákveðið að hafa slökkvistjóra á öðrum fundi nefndarinnar sem börnin skiptast á að vera og sér um að ekki eru ljós kveikt að óþörfu á leikskólanum. Við ræddum hversvegna við þyrftum þess.

Niðurstöður fyrsta fundar voru:

Byrja á Möllu (endurvinnslutunnu)

Útbúa miða til að minna okkur á að slökkva ljósin

Útbúa skilti til að minna okkur á að ganga eða hjóla í leikskólann

Slökkva á bílum fyrir utan leikskólann

Safna brauðpokum og allskonar öðrum pokum sem falla til í heimilishaldinu eins og morgunkornspokum. (fundargerðir fylgja með)

2. Mat á stöðu umhverfismála

Farið var yfir umhverfigátlista fyrir skóla á grænni grein og hann fylltur út á starfsdegi leikskólans 12.maí 2010. Allir starfsmenn leikskólans tóku þátt í þessari vinnu og spunnust góðar umræður um ýmis atriði sem farið var yfir. Í matinu kom meðal annars fram að ýmsir þættir hafa verið gerðir í leikskólanum en eru ekki virkir í dag, það var rætt af hverju það væri og hversu auðvelt eða erfitt væri að framkvæma þá og setja þá aftur inn í daglegt starf. Einnig voru þættir í gátlistanum sem við gerðum ekki og vorum við sammála um að flesta þeirra ætti að vera auðvelt að koma í framkvæmd eða ættu ekki við. Gátlisti verður sendur með í skýrslunni, hér er dæmi um nokkra þætti sem teknir voru og velt upp.

Pappír sparaður-----ekki alveg markvisst, tala við börnin

Ljósritað báðu megin á blöðin----- málið í athugun

Allir í skólanum þekkja reglur skólans um flokkun á rusli

Nemendur-----skerpa á því

Kennarar-----já

Skólastjórnendur-----já

Annað starfsfólk skólans -----já

Ræstingarfólk-----já

Foreldrar-----skerpa á því

Sem dæmi voru þessir þættir ræddir jafnóðum og gátlistanum var svarað, síðan voru ákveðnar leiðir til þess að framkvæma það sem ekki var þegar í framkvæmd. T.d.

pappír sparaður: rætt við börnin í samverustund og hópátímum um mikilvægi þess

að fara vel með pappír, honum safnað í Pappírs Pésa (sérstakur kassi fyrir pappír), hægt er að nota pappír aftur , fylla út blaðið.

Allir í skólanum þekkja reglur skólans um flokkun á rusli- nemendur: fara yfir það sem við gerum á Drafnarborg, rætt um umhverfisnefnd og í samverustundum. Við setjum dagblöð í ruslatunnur, söfnum matarúrgangi fyrir Möllu moldvörpu (endurvinnslutunnuna), setjum pappír í Pappírs Pésa, nýtum dósir og dalla fyrir málningu og fleira. Foreldrar: senda út upplýsingabréf til foreldra.

3. Áætlun um aðgerðir og markmið

Frumdrög áætlunar var gerð af starfsmönnum á skipulagsdegi, útfærsla og umræður fóru síðan fram á umhverfisfundum með umhverfisnefnd. Einnig í samverustundum með börnunum og í hópastarfi barnanna.

Áætlun var gerð um að safna öllum pappír á leikskólanum. Spara og nýta hann betur og setja það sem ekki nýtist í endurvinnslu. Dagblöð og fernur eru settar í endurvinnslutunnu, En leikskólinn er með 2 endurvinnslutunnur, þar sem safnað er pappír, fernum og dósum.

Áætlun var gerð um að endurvekja moltugerð í leikskólanum. Til margra ára hefur verið endurvinnslutunna þar sem matarafgangar eru settir í. Þessi tunna hefur ekki verið í notkun um nokkurt skeið. Í tunnunni býr moldvarpa sem heitir Malla. Það sem Malla moldvarpa má borða eru afgangar af: ávöxtum, brauði og grænmeti. Öllu þessu er safnað í ákveðin dall.

Á hverjum degi fara þrjú börn eftir ákveðnu skipulagi og gefa Möllu moldvörpu að borða. Þau fylgjast síðan með ferlinu hvernig moldin verður til.

Áætlun um að spara rafmagn. Ekki hafa kveikt ljós þar sem er óþarfi. Rætt við um börnin kostnað og orkueyðslu. Á umhverfisfundi var ákveðið að stofna hlutverk slökkvistjóra þar sem börnin skiptast á að hafa eftirlit með því hvar er kveikt ljós og hvort það sé nauðsynlegt. Einnig gefum við okkur broskall um hvernig gengur á hverjum degi.

Að safna pappír ☺

Gefa Möllu matinn sinn ☺

Huqsa um ljósin ☺

Ef illa gengur fáum við fýlukall. Sem er afar sjaldan.

Verkefni hafa gengið mjög vel og áhugi barna og starfsmanna er til fyrirmyndar. Mikill metnaður er hjá börnunum í að standa sig vel. Börnin taka hlutverki sínu alvarlega og standa sig með mikilli þryði.

4. Eftirlit og endurmat

Endurmat fór fram á skipulagsdegi leikskólans þar sem farið var yfir markmið leikskólans og mat á því hvernig hefur gengið að upp fylla þau. Fólk var allmennt ánæggt og fannst hlutirnir haf gengið upp. Á umhverfisfundi númer 2 var farið yfir það

sem er verið að gera og hvernig það gengur og hvort eitthvað megi betur fara. Börnin hafa verið virk og áhugasöm á þessum fundum. Fram kom að kynning á stefnunni væri eitthvað ábótavant

5. Fræðsla

Fræðsla var fengin á skipulagsdegi í haust þegar Orri Páll og Helena koma með frábært innlegg í starfið fyrir starfsfólk. Katrín Georgsdóttir umhverfisfræðingur er annar fulltrúi foreldra í umhverfisnefnd leikskólans og hefur skrifað foreldrum bréf með fræðslu og upplýsingum um tengla þar sem hægt er að ná í meiri fræðslu og upplýsingar.

6. Kynning á stefnunni

Stefna og aðgerðaáætlun var kynnt á foreldrafundi í haust, upplýsingar í fréttabréfi og fundagerðir umhverfisnefndar hafa verið sendar í tölvupósti til allra foreldra. Stefnan var kynnt vel á afmæli leikskólans 3.nóvember 2010. Þá var opið hús margir gestir komu í heimsókn enda var leikskólinn 60 ára. Áætlun er til um að setja stefnu leikskólans á heimasíðu leikskólans og verður það gert sem fyrst. Foreldrar eru hvattir til að safna plastpokum og koma með í leikskólann og ganga þegar tækifæri gefst. Einnig höfum við hvatt alla að ganga síðustu 3 daga mánaðarins í leikskólann en þessi tillaga koma fram á umhverfisnefndarfundi.

7. Umhverfissáttmálinn

Frumgerð Umhverfissáttmála leikskólans var gerð á skipulagsdegi í haust. Hann var endurgerður og samþykktur á fundi með öllum börnunum á leikskólanum.

Fyrir hönd Leikskólans Drafnarborgar
Elín Guðjónsdóttir

leikskólastjóri

7. október 2010

#1 fundur Umhverfisnefndar á Drafnarborg

Mættir: Allir krakkarnir úr Kisuhópi: Elísabet, Elín Birna, Hildur Arney, Karlotta Agnes, Kári Björn, Lúkas Ingvar, María, Nói og Regina. Úr hópi starfsfólks var: Tína, Elín og Gugga. Foreldrar voru: Baldur og Katrín.

Tína kynnti verkefnið fyrir hópnum og allir komu með hugmyndir um hvað væri hægt að gera til að byrja með:

Hugmyndir:

- Passa að laga til í kringum sig
- Slökkva ljósið þegar enginn er inni í herberginu
- Rusl
 - Gefa Möllu matarleifar
 - Nýta pappírinn vel og henda afgangi í pappírsruslið
 - Ekki nota neina plastpoka
- Spara sápunu – sápa er ekki góð fyrir fiskana í sjónum
- Slökkva á bílum
 - Hjóla í leikskólann
 - Ganga í leikskólann
- Ganga í leikskólann seinustu þrjá dagana í hverjum mánuði eins og í Vesturbæjarskóla
- Fá að skoða Metan bíla Reykjavíkurborgar (Ruslabílar og strætó)
- Matjurtarækt
- Búa til miða til að minna okkur á að slökkva ljósin
- Gera stórt skilti til þess að minna okkur á að ganga eða hjóla í leikskólann
- Vera með fataskiptimarkað – skipta fötum sem við erum hætt að nota og fá stærri stærðir í staðin.

Fyrstu skrefin:

1. Byrja á Möllu
2. Útbúa miða til að minna okkur á að slökkva ljósin
3. Útbúa skilti til að minna okkur á að ganga eða hjóla í leikskólann
4. Slökkva á bílum fyrir utan leikskólann
5. Safna brauðpokum og allskonar öðrum pokum sem falla til í heimilishaldinu eins og morgunkornspokum.

Drafnarborg stefnir að því að fá að flagga Grænfánanum 15. apríl 2011, fyrst allra skóla í Vesturbænum!

Katrín Georgsdóttir, ritaði

Hugleiðing til foreldra;

Sem foreldri er ég mjög ánægð og glöð yfir að Drafnarborg skuli vera skóli á grænni grein og geti flaggað Grænfánanum innan nokkra mánaða.

Grænfáninn er alþjóðlegt verkefni sem virkar sem umhverfisstjórnunar kerfi fyrir leikskóla og skóla.

Hugmyndin er að börn, starfsfólk og foreldrar vinni saman að lausnum til að gera leikskólann/skólann umhverfisvænni og þannig spara orku og peninga. Starfsfólk í Drafnarborg stendur sig nú þegar mjög vel í umhverfisvænum lausnum og það verður ekki flókið mál að ná settu marki 15. apríl n.k..

Ég sem áhugamanneskja um umhverfismál og sjálfbærni hvet foreldra til að taka virkan þátt í þessu verkefni og hjálpa börnunum og starfsfólki til að geta flaggað fánanum stolt á næsta ári. Það myndi heldur ekki spilla fyrir ef við gætum smitað út frá okkur þannig að barnaskólarnir í nágrenninu yrðu næstir í fá fánann og þannig gera Vesturbæinn að Grænfánahverfi.

Kær kveðja

Katrín mamma Reginu.

Hægt er að skoða Grænfánaverkefnið á heimasíðu landverndar:

www.landvernd.is

<http://www.landvernd.is/graenfaninn/>

Hér eru nokkrir aðrir hlekkir fyrir áhugasama:

<http://www.ecologicalfootprint.com/>

www.natturan.is

www.sorpa.is

www.natturuskoli.is

www.natturuvefsja.is

www.fenur.is

www.umhverfi.is

www.orkusetur.is

<http://www.storyofstuff.com/>

Og fyrir nördana:

<http://www.unep.org/>

Skýrsla sem hefur vakið mikla athygli varðandi nýja aðferðafræði í útreikningum á hagvexti:

http://www.sd-commission.org.uk/publications/downloads/prosperity_without_growth_report.pdf

Hluti af fréttabréfi sent foreldrum september 2010

Grænfáni

Skólinn setur sér það markmið að fá Grænfánann og hefur starfað að því markmiði.

Í starfinu felst að:

- stofna umhverfisnefnd skólans,
- meta stöðu umhverfismála í skólanum,
- gera áætlun um aðgerðir og markmið til umhverfisbóta í skólanum,
- sinna stöðugu eftirliti og endurmati á umhverfismálum í skólanum,
- fræða nemendur um umhverfismál,
- kynna stefnu sína út á við og fá aðra með,
- setja skólanum formlega umhverfisstefnu.

Þegar þessi skref hafa verið stigin getur skólinn sótt um að fá Grænfánann. Skólinn getur

tekið sér þann tíma sem hann vill til að ná þessum markmiðum

Stofnuð hefur verið umhverfisnefnd í leikskólanum. Hana skipa öll elstu börnin í Kisuhóp. Elín Birna, Elísabet, Karlotta Agnes, Kári Björn, Nói, Regína, María, Lúkas, Tina verkefnastjóri, Elín leikskólastjóri, Gugga deildarstjóri, Katrín(móðir Regínu) og Baldur (faðir Kára Björns). Áætlað er að halda fund einu sinni í mánuði, þar sem lagðar eru línur fyrir áframhaldandi vinnu. Upplýsingar verða veittar jafn óðum.

Kafli úr fréttabréfi sem var sent til foreldra í nóvember 2010

Umhverfisnefnd Drafnarborgar hefur haldið tvo fundi í haust og nefndarmenn mjög áhugasamir um verkefnið, góðar umræður og margar hugmyndir.

Tvær stjóra stöður hafa verið stofnaðar **ljósa**stjóri sem sér um að enginn óþarfa ljós séu kveikt á leikskólanum og **bíla**stjóri sem fylgist með og minnir á gesti og foreldra sem koma á bílum í leikskólann slökkvi á bílnum meðan inn er farið. Síðan ætlum við að biðja foreldra að safna og koma með verðlaust efni sem við gætum notað í fönður í leikskólanum. Það er mikið sem safnast um jólin , jólapappír og bönd o.fl. og kannski eitthvað líka í tiltektinni fyrir jólin.

Hluti af tölvupósti sem var sendur til foreldra sent 8.október 2010

Ágætu foreldrar

Eins og fram hefur komið hefur Drafnarborg sótt um að vera með í verkefninu *Skólar á grænni grein*, til að auka menntun, þekkingu og efla virðingu fyrir náttúru og umhverfi lands og hafs. Nú erum við búin að fá viðurkenningaskjal og erum því opinberlega komin í verkefnið. Við stefnum á að vera búin að uppfylla "skrefin 7" og fá Grænfánan 15. apríl 2011. Fyrsti fundur umhverfisnefndar var í gær og voru allir nefndarmenn mjög áhugasamir, fundargerð fylgir með.

Hluti af tö

Ivupósti sem var sendur til foreldra 26.nóvember 2010

Kæru foreldrar

Umhverfisnefnd leikskólans fundaði í gær og vill minna alla á Grænfánaverkefnið okkar Göngum í leikskólann

3 síðustu daga mánaðarins. Við hvetjum alla að taka þátt í þessu verkefni og koma gangandi í leikskólann á mánudag og þriðjudag;-)

Það var margt annað rætt á fundinum og kemur fundargerð síðar -

Markmið og leiðir útidaga

Útidagar

Elstu börnin fara í ferðir tvisvar í mánuði og hinir tveir yngri hóparnir fara einu sinni í mánuði. Ferðirnar eru 3 – 5 tímar effir aldri barnanna og aðstæðum,

Markmið ferðanna er að:

- Efla vináttu og samkennd barnanna í útivist.
- Vekja áhuga barnanna á náttúrunni.
- Vekja virðingu fyrir umhverfinu.

Börnin velja í samráði við hópstjóra hvert farið er og skipuleggja ferðina, hvað á að hafa í nesti, hvað þurfum við að hafa með okkur, hvernig við þurfum að vera klædd. Börnin taka myndir, af fyrirfram ákveðnum hlutum eða því sem þeim þykir áhugavert. Unnið úr ferðinni þegar heim (í leikskólann) er komið, búin til ljóð og sögur, búnar til bækur. Unnið nánar út frá því sem hefur vakið áhuga barnanna.

Umhverfissáttmáli Drafnarborgar

1. Flokkun og endurvinnsla.
2. Moltugerð.
3. Minnka orkunotkun.
4. Vekja áhuga barnanna á náttúrunni.
5. Vekja virðingu fyrir umhverfinu.

Markmið og Leiðir;

1. Allur úrgangur er flokkaður, 2 endurvinnslutunnur eru á leíksskólanum. Sérstök áhersla er lögð á flokkun og nýtingu pappírs.
2. Börnin sjá um að gefa Möllu moldvörpu (endurvinnslutunna) mat (afganga) á hverjum degi. Við fylgjumst með því hvernig Malla breytir matarleifum í mold.
3. Við erum öll vakandi yfir því að ljós séu ekki kveikt þar sem ekki er nauðsynlegt. Börnin skiptast á að vera ljósastjórar og hafa ábyrgð á því að fylgjast með og slökva ljós ef með þarf.
4. Við förum í útidaga (ferðir) og leynigarðinn og fylgjumst með árstíðarbreytingum og hinu smáa og stóra í náttúrunni.
5. Við þurfum að ganga vel um umhverfi okkar til þess að hlutir endist og aðrir geti notið þeirra með okkur. Við komum fram af virðingu við allar lífandi verur því þeim getur líðið illa eins og við.

Umhverfisgátlisti fyrir skóla á grænni grein

Skóli:

Drafnarborg

.....

Skólaárið:

2010-2011 12.05.2010

.....

Innkaup / nýtni - til að spara auðlindir og minnka rusl

	já	nei	Athugasemd - áætlun um aðgerð
1. Lögð er áhersla á að kaupa til skólans vandaða hluti sem endast vel.	x		
2. Pappír er sparaður:	x		Má gera betur Ræða við börnin
* skjöl sem eru meira en ein síða eru prentuð á báðar hliðar blaðs,	x		Má gera betur
* ljósritað er báðum megin á blöð,	x		Má gera betur
* afgangspappír er aðgengilegur þar sem verið er við vinnu,	x		
* afgangspappír er notaður sem risspappír eða í föndur,	x		
* umslög eru opnuð varlega, oft má nota þau aftur,			
* tölvupóst er notaður til samskipta eins mikið og mögulegt er,	x		
- innan skólans,	x		
- á milli heimila og skóla,	x		
* tauhandklæði eru notuð í stað pappírs þar sem mögulegt er,	x		
* tuskur eru notaðar í stað pappírs, svo sem eldhúspappírs, til að þurrka upp eða þrifa,	x		Má gera betur

* Systkinalisti yfir nemendur kemur í veg fyrir að bréf frá skólanum fari í mörgum eintökum inn á sama heimili.	x		
3. Rafhlöður eru sparaðar;	x		
* vasareiknar eru með sólarrafhlöðum,	x		
* hlaðanlegar rafhlöður eru notaðar í stað einnota.		x	
4. Mjólk og safi er keypt í stórum umbúðum;			Á ekki við Drafnarborg er lítil eining
* fyrir starfsfólk,			
* fyrir nemendur.			
5. Þeir sem koma með nesti eru með það í boxum en ekki einnota pokum eða pappír.			á ekki við
6. Aðeins eru notaðir fjölnota borðbúnaður og leirtau í skólanum.	x		Hafa verið keypt einnota glös
7. Allir eru með sína merktu bolla til að draga úr uppþvotti.	x		Hluti starfsfólks allir hvattir
8. Fyllt er á tónerhylki í prenturum í stað þess að kaupa ný.		x	
9. Gert er við það sem bilar eða skemmist frekar en að kaupa nýtt.	x		
10. Einnota hlutir, s.s. plastpokar í ruslafötur, eru ekki notaðir eða af ýtrustu sparsemi.	x		

Meðhöndlun á rusli

	já	nei	Athugasemd - áætlun um aðgerð
1. Flokkunarstöð er í skólanum aðgengileg öllum.	x		
2. Allir sem að skólanum standa þekkja reglur skólans um flokkun á rusli;			Þarf að skerpa á þessu Upplýsa foreldra og börn
* nemendur,	x		betur
* kennarar,	x		
* skólastjórnendur,	x		
* húsvörður,			Á ekki við
* allt annað starfsfólk skólans,	x		
* ræstingafólk,	x		
* foreldrar.	x		betur
3. Flokkað og sent til endurvinnslu er;			
* gæðapappír,	x		

* blandaður pappír,	x		
* fernur,	x		
* bylgjupappi,	x		
* gosílát (<i>dósir og flöskur</i>),	x		
* gler (<i>krukkur o.fl.</i>),	x		
* málmar (<i>niðursuðudósir, sprittkertabotnar, málmafgangar</i>),	x		
* rafmagnsvörur og tæki,	x		
* rafhlöður,	x		
* spilliefni (<i>t.d. málningarafgangar</i>),	x		
* flúrperur og sparperur (<i>spilliefni</i>),	x		
* föt og klæði,	x		
* kertaafgangar.			
4. Lífrænir afgangar eru jarðgerðir, af nesti, úr eldhúsum og sag frá smíðastofu.	x		

Innkaup / rekstur - til að minnka mengun

	já	nei	Athugasemd - áætlun um aðgerð
1. Keyptar eru vörur og efni með viðurkenndum umhverfismerkjum:			
* gólfhreiniefni,	x		
* uppþvottalögur,	x		Ath. Gera innkaup í samræmi
* handsápa,	x		
* gólfbón,			Ath.
* pappír,	x		
* umslög,		x	Ath.
* tölvur og skrifstofutæki,		x	Ath.
* ísskápar (án KFK-efna, framleiddir eftir 1994) ¹ ,	x		
* rafhlöður,	x		
* salernispappír,	x		

¹

KFK eru klór-flúor-kolefni. Slík efni leita hátt upp í andrúmsloftið og skemma ósonlag Jarðar en ósonlagið verndar Jörðina fyrir hættulegum útfjólubláum geilsum sólar.

* eldhúspappír,	x		
* kaffisíur,	x		
2. Aðeins eru notaðar rafhlöður án kadmíum og kvikasilfurs t.d. alkaline eða NiMH rafhlöður.			Ath. Mjög lítið á batteríi notuð
3. Gluggatjöld, og aðrir hlutir úr taui, eru úr efni sem má þvo.	x		
4. Skrifffæri og skrifstofuáhöld eru keypt af yfirvegum, helst;			
* ólakkaðir tréblýantar eða skrúfblýantar,	x		Ath. Hafa í huga við innkaup
* vatnsleysanlegt túss á pappír og töflur,	x		
* vatnsleysanlegt lím,	x		
5. Forðast er að kaupa plasthluti sem innihalda PVC. Lögð er áhersla á að plastvörur séu úr plasti sem hægt er að endurvinnna (pólýester) eða brotnar niður í birtu (PP-plast) ² ;			
* plastpokar,	x		
* límband, bókaplast,			Ath.
* plasthulstur, möppur,			Ath.
* glærur,			Ath.

² Plastefni eru mjög fjölbreytt. PVC myndar díoxín þegar það brotnar niður en díoxín er eitruð. Sumt plastefni er hægt að endurvinnna eins og það í gosflöskunum og annað efni er viðkvæmt fyrir höggum og brotnar niður í sólarljósi. Mjög oft vantar hráefnisheiti á umbúðir sem gerir umhverfishæf innkaup erfið.

* leir, kennaratyggjó.	x		
6. Öll sápa er notuð í hófi, á Íslandi er auðvelt að þvo úr heitu vatni.	x		
7. Notaðir eru örtrefjaklútar við hreingerningu.	x		
8. Forðast er að kaupa miklar umbúðir t.d. með því að kaupa inn í stórum einingum.	x		

Umgengni og nánasta umhverfi

	já	nei	Athugasemd - áætlun um aðgerð
1. Enginn er á útiskóm inni.	x		
2. Áhersla er lögð á að hafa heilsusamlegt umhverfi innan húss t.d. góða loftræstingu.	x		
3. Öll hættuleg efni eru merkt á réttan hátt og geymd á öruggum stað (í ræstikompum, í náttúrustofu).	x		
4. Við bílastæðin eru skilti þar sem bílstjórar eru beðnir um að drepa á bílvél á meðan að beðið er (foreldrar, rútubílstjórar og flutningabílstjórar).	x		
5. Reglulega er farið um skólalóðina;	x		
* rusl tínt af lóðinni og því komið í viðeigandi förgun,	x		
* kannað hvort eitthvað er skemmt eða bilað og þá lagfært.	x		
6. Á skólalóð er ekki notað skordýra- eða plöntueitur.	x		
7. Leitast er við að hafa fjölbreytt umhverfi á skólalóð;			

* svæði með "landslagi" ekki síður en slétta velli,		x	Ekki haft tækifæri til þess
* haldið er í náttúrulegt umhverfi, grjót, gróður, vatn,		x	
* lögð er áhersla á að hafa sem fjölbreytilegastan gróður bæði tré og plöntur,		x	
* náttúrulegum plöntum úr nágrenninu er komið fyrir í viðeigandi umhverfi, þurrlendi, deiglendi, tjörn,		x	
* grasflötum er haldið óslegnum, a.m.k. að hluta svo að plöntur fái dreift fræjum,	x		
* nemendur taka þátt í að rækta matjurtir í skólagarði,	x		
* fuglar eru laðaðir að skólalóðinni t.d. með því að;	x		ákveðið að gefa fuglum í vetur
* gefa þeim í vetrarhörkum,	x		skipuleggja
* útbúa fyrir þá fuglahús,			Ath. Gera í vetur
* rækta á lóðinni tré og runna ríkuleg af berjum.			Ekki enn væri gaman
8. Nemendur eigna sér uppáhaldsstað.	x		leynigarðinn
9. Nemendur "taka flag í fóstur".	x		Höfum sótt um
10. Skólinn tekur þátt í eða skipuleggur hreinsunardag hverfisins.	x		
11. Nemendur þekkja vernduð eða friðlýst svæði í nágrenninu og			

taka þátt í verkefnum þar.			
----------------------------	--	--	--

Flutningar og ferðir

	já	nei	Athugasemd - áætlun um aðgerð
1. Fólk er hvatt til að ganga/hjóla/koma í strætó í skólann;			
* nemendur,	x		
* kennarar og annað starfsfólk,	x		Á vorin en annars mikil umræða
* foreldrar.	x		
2. Þeir sem koma á bílum leitast við að samnýta bíla.		x	
3. Á skólalóðinni er aðstaða til að geyma hjól undir skyggni.		x	
4. Innkaup og vöruflutningar til skólans eru vel skipulagðir til að halda flutningum í lágmarki.			
5. Keyptar eru íslenskar vörur eins og mögulegt er.	x		
6. Forðast er að kaupa vörur/matvæli sem hafa verið fluttar inn frá fjarlægum löndum.			

orka og vatn

	já	nei	Athugasemd - áætlun um aðgerð
1. Gluggatjöld eru;			
* dregin frá þegar bjart er til að nýta dagsbirtuna,	x		
* en dregin fyrir þegar dimmt er og um nætur til einangrunar.	x		Var tekið til endurskoðunar
2. Notaðar eru sparperur í stað glópera.			flúorljós
3. Dregið er úr lýsingu þar sem hægt er t.d. með að fækka perum í ljósastæðum í lofti.			
4. Ljós eru slökkt þar sem enginn er.	x		Allir meðvitaðir
5. Ljós eru slökkt þar sem dagsbirtan nægir.	x		Börnin gerð virk
6. Skrifstofutæki skólans (t.d. tölvur og ljósritunarvélar) fara sjálfkrafa í orkusparandi stillingu þegar þau eru ekki í notkun.			Ath.
7. Slökkt er á tölvum og tækjum yfir nótt og í fríum.	x		
8. Lækkað er á ofnum og slökkt á loftræstingu í öllum fríum.	x		
9. Fylgst er reglulega með rafmagnsnotkun í skólanum.			Ath.

10. Fylgst er reglulega með notkun á heitu vatni.			Ath.
11. Fylgst er reglulega með notkun á köldu vatni.			Ath.
12. Þvotta- og uppþvottavélar eru fylltar áður en þær þvo.	x		
13. Vatn er ekki látið renna að óþörfu og strax gert við leka krana.	x		
14. Ef endurnýja þarf klósett er keypt vatnssparandi klósett.			Ath.
15. Leitast er við að nýta vatn af þökum t.d. til að viðhalda tjörnum og votlendi á skólalóð.		x	

Kynning og menntun

	Já	nei	Athugasemd - áætlun um aðgerð
1. Umhverfisstefna skólans er skýr og öllum aðgengileg.	x		
2. Nýir nemendur í skólanum eru strax fræddir um umhverfisstefnu skólans.			Skipulag- sett í gang
3. Foreldrar eru vel upplýstir um umhverfisstefnu skólans og minntir á hana við og við.	x		Skipulag sett í gang
4. Nýtt starfsfólk skólans fær strax kynningu á umhverfisstefnu skólans.	x		Skipulag sett í gang
5. Umhverfismennt er samþætt skólanámskrá skólans í;			
* 1. bekk,			
* 2. bekk,			
* 3. bekk,			
* 4. bekk,			
* 5. bekk,			

* 6. bekk,			
* 7. bekk,			
* 8. bekk,			
* 9. bekk,			
* 10. bekk.			
6. Nemendur fá markvissa útikennslu til að læra að þekka og bera virðingu fyrir nánasta umhverfi skólans og hverfisins.	x		Byrjað á í haust
7. Við slökkvara og rafmagnstæki er fólk minnt á að slökkva.		x	Verður sett upp
8. Í anddyri skólans er tafla þar sem hengdar eru upplýsingar og auglýsingar um umhverfismál.		x	Verður sett upp
9. Nemendur læra um pappír (og önnur efni).			
* hvernig pappír er framleiddur		x	Þarf að skipuleggja
* hvernig sé hægt að spara pappír		x	
* hvernig pappír er enduruninn		x	
10. Nemendur fá þjálfun og leiðsögn í almenningisíþróttum og útivist;			
* gönguferðum,	x		

* hjólreiðum,		x	
* ganga á skíðum		x	
* skauta (úti).		x	
11. Skólinn hvetur til sérstakra þemadaga í hverfinu, göngu-, hjólreiða-, útivistar- eða hreinsunardaga.	x		Hjólum i skólann í maí

Skrefin sjö að Grænfánanum

	já	nei	Athugasemd - áætlun um aðgerð
1. Í skólanum starfar umhverfisnefnd.		x	Verður skipuð í haust
2. Í skólanum hefur staða umhverfismála verið metin.	x		
3. Gerð hefur verið áætlun aðgerðir og markmið.			Eru í áætlun
4. Stöðugt eftirlit og endurmat er í gangi.			Er í áætlun
5. Nemendur fá fræðslu um umhverfismál.			Er í áætlun
6. Skólinn kynnir stefnu sína út á við og fær aðra með.			Er í áætlun
7. Skólinn hefur sett sér umhverfissáttmála.			Er í áætlun

